

Fundargerð 81. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 21. maí kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - ársreikningur 2024 - 2501004SK**
Lagður fram til kynningar ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum fyrir árið 2024.
Stjórn samþykkir ársreikning samtakanna fyrir árið 2024.
- 2. Innheimta aðildargjalda - 2503002SK**
Samtökin ákváðu á seinasta aðalfundi að taka upp aðildargjöld og verða reikningar sendir til aðildarsveitarfélaga fyrir lok maí.
- 3. Önnur mál - 2410001SK**
Stjórn samþykkir að halda vinnufund stjórnar í júní þar sem farið verður yfir áherslumál næsta vetrar hjá samtökunum.

Fundi var slitið kl. 08:45